

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 — 1979

1. nóvember 1979.

821

Nr. 430.

REGLUGERÐ um bann við loðnuveiðum.

1. gr.

Frá kl. 12.00 á hádegi 10. nóvember 1979 þar til öðru vísi verður ákveðið eru allar loðnuveiðar bannaðar.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. nóvember 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

1. nóvember 1979.

Nr. 431.

REGLUGERÐ um bann við loðnuveiðum utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Frá kl. 12.00 á hádegi 10. nóvember 1979 þar til öðru vísi verður ákveðið eru íslenskum skipum bannaðar loðnuveiðar utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. nóvember 1979.

**F. h. r.
Jón L. Arnalds.**

Þórður Ásgeirsson.

Stjórnartíðindi B 52, nr. 430—431. Útgáfudagur 5. nóvember 1979.

B 102

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.